


möH. 19.01.2010

Fagradal 19.01.2010


Til Sveitastjórnar Mýrdalshrepps

Mótmæli vegna aðalskipulags Mýrdalshrepps

Við undirrituð ábúendur í Fagradal mótmælum því að sett verði gönguleið G12 samkvæmt sveitarfélagsupprætti, yfir land okkar á tillögu um aðalskipulag Mýrdalshrepps, við viljum minna á áður sent bréf okkar varðandi þetta mál frá 11.09, 2009 og sendum við það aftur með þessu bréfi þar sem engin formleg svör hafa borist við því. Ekki var leitað neins samþykkis landeigenda þegar þessi gönguleið var ákveðin, og þar sem við erum með þetta land í fullri landbúnaðarnotkun fyrir sauðfé okkar sjáum við ekki annað en tjón af því að hafa skipulagða gönguleið yfir land okkar.



Jónas Erlendsson




Ragnhildur Jónsdóttir


Fagradal 11.09.09

Til sveitastjórnar Mýrdalshrepps.

Við ábúendur og eigendur að Fagradal í Mýrdal, Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir krefjumst þess að allar gönguleiðir og reiðleiðir sem liggja yfir land okkar verði þurrkaðar út af aðalskipulagi og öðrum þeim kortum sem Mýrdalshreppur kemur að gerð að. Okkur finnst ótrúlegt að hægt sé að leggja skipulagðar gönguleiðir og reiðleiðir yfir eignarlönd manna án þess að þeir samþykki það. Samkvæmt nú gildandi drögum að aðalskipulagi eru leiðir G12 og R-6 lagðar yfir okkar land að hluta til. Það land sem gönguleiðin liggur yfir er í fullum landbúnaðarnotum vegna sauðfjárbúskapar en yfir sumarið eiga að vera í Fagradalslandi í kring um 800 kindur og veldur það verulegu ónæði fyrir sauðfé ef stöðugt er verið að ganga innan um það og jafnvel með hunda, einnig spillir það landgæðum þar sem ef mikil umferð er af fólki koma fljótt ljót ör í landið og landið blæs upp. Sama er að segja um stærri hestaferðir þær valda miklu ónæði og smala fénu heim að bæ. Þó að leiðin frá Vík til Fagradals hafi á árum áður verið gömul þjóðleið er hún löngu aflögð og getur verið merkt sem slík, en ekki sem gönguleið.



Jónas Erlendsson



Ragnhildur Jónsdóttir